

Sjálf og sagnfræði

BÆKUR

Fortíðardraumar. Sjálfsbókmenntir á Íslandi

eftir Sigurð Gylfa Magnússon. Háskólaútgáfan 2004.

Sjálfsbókmenntir á tuttugustu öld og helstu einkenni þeirra er viðfangsefni Sigurðar Gylfa Magnússonar í bókinni Fortíðardraumar. Þar nálgast Sigurður Gylfi sjálfsævisöguleg verk út frá sagnfræðilegu sjónarhorni sem persónulegar heimildir og beitir einsögulegri rannsóknaraðferð (microhistory) sem er nýstárleg leið innan sagnfræði. Heitar umræður hafa átt sér stað meðal sagnfræðinga um aðferðafræði, gildi og gæði einsögulegra rannsókna á undanförunum árum en Sigurður Gylfi er einn helsti talsmaður þess að nýta óvenjuleg verk til sagnfræðirannsókna og að sjálfsævisögur séu dýrmætari frásagnarheimildir sem fela í sér einstaka persónulega tjáningu (127). Einsögulegar rannsóknir byggja m.a. á því að heimildir séu huglægar og „lífandi“ (232) og geti staðið sem sjálfstæðar einingar. Endurgerð texta með aðferðum svokallaðrar afbyggingar er mikilvægt tæki einsögunnar til að skýra eyður og óleystar gátur fortíðar. Smáar vísbendingar segja oft meira en stórsagan að þeirra mati; innsæi vegur þyngra en rökhugsun; svokölluð „örugg vitneskja“ er ekki til (229). Tilgangurinn er að nálgast heimildir á óvenjulegan og frjóan hátt og varpa þar með nýju ljósi á fortíðina: „Ef við ætlum að ná utan um heiminn sem hér er lýst, þá er eina leiðin sú að nálgast heimildir úr fortíðinni sem skynræna miðla sem krefjast þess af þeim sem þá nota að reynt sé að glíma við umfang þeirra út frá fjölbreyttum skynjunarleiðum, marggerð textans. Þannig verður umfang hinnar sagnfræðilegu greiningar áhugaverðara og landamæri fræðigreinarinnar opnast og hleypa inn nýjum straumum og áhrifum“ (235).

Fyrsti hluti Fortíðardrauma, Sögur í sögum, dregur upp skyndimynd af lífshlaupi höfundar og þar er fjallað almennt um birtingarhátt sjálfsins og sérstöðu sjálfsævisagna sem heimilda. Í öðrum hluta bókarinnar eru sjálfsbókmenntir skilgreindar og því lýst hvernig þær geti nýst til að greina sjálfsmótun. Sigurður Gylfi skiptir sjálfsævisögum í fimm flokka: sjálfsævisögur, endurminningarit, samtalsbækur, skáldævisögur og ævisögur, og tekur dæmi um hvern flokk fyrir sig. Flokkun Sigurðar Gylfa er bæði skýr og einföld og sýnir ágætlega meginlínurnar í þessum flokki bókmennta. Viðmiðunin er „staða höfundarins í verkinu“ (41) og þau öfl sem hafa áhrif á minningarnar. En hann lendir í sömu krísu og aðrir fræðimenn sem fjalla um sjálfsbókmenntir: flokkarnir skarast og skrika undan skilgreiningunum en hann telur að skörunin sé afleiðing af menningarástandi samfélagsins hverju sinni. Í þriðja hluta bókarinnar er fjallað um heimildir tengdar sjálfinu, s.s. þjóðlegan fróðleik, dagbækur og minningargreinar og afstöðu sagnfræðinga til þeirra. Löngum hafa bæði sagn- og bókmenntafræðingar sniðgengið þjóðlegan fróðleik í rannsóknum sínum og hvorki litið á þetta framlag alþýðunnar sem verðugt né vísindalegt viðfangsefni, segir Sigurður Gylfi. Hér hefði e.t.v. verið lag að fjalla um bókmenntarannsóknir og lífsstarf Matthíasar Viðars Sæmundssonar sem jafnan beindi sjónum sínum að óvenjulegum og persónulegum heimildum og skoðaði sögu sjálfsins í íslenskum bókmenntum sérstaklega. Nálgun Sigurðar Gylfa á alþýðufræðimenn fyrri tíðar er bæði jákvæð og tímabær, hann talar um þá sem þriðja

aflíð og líkir þeim við óformlegar stofnanir (141) sem áhugasamir lesendur gátu gengið að og segir þá í einhverjum skilingi vera „ígildi menningarstofnana“ (142) og „prentsmiðju fólksins“ (143). Þessir neftóbakskarlar framleiddu handrit í erg og gríð sem gengu manna á milli og áttu mikilvægan þátt í framgangi íslenskrar alþýðumenningar, segir Sigurður Gylfi og er mikið niðri fyrir. Í fjórða hluta bókarinnar er fjallað um kenningar og rannsóknaraðferðir og þar talar Sigurður Gylfi um sinnuleysi íslenskra fræðimanna gagnvart persónulegum heimildum (192) en nefnir þó fjórar mikilvægar undantekningar þar frá; tvo gamalreynda sagnfræðinga, sjálfan sig og einsöguskólann.

Fimmti hluti Fortíðardrauma fjallar um fjölmiðlafárið í kringum fyrsta bindi ævisögu Halldórs Laxness (2003) eftir Hannes Hólmstein Gissurarson. Sú umræða dregur fram í dagsljósið ýmis vandamál sem tengjast menningarlegu umhverfi sjálfsbókmennta, s.s. sölugildi ævisagna sem veldur því stundum að þær eru unnar í miklum flýti; að ævisaga getur afhjúpað persónulegt líf fólks á afgerandi hátt sem lesandi bregst misjafnlega við; hagsmunir fólks sem kemur við sögu og staða höfundar getur orðið mjög erfið og loks fá ævisögur og sjálfsbókmenntir yfirleitt ekki nógu markvissa umfjöllun hjá gagnrýnendum (242-244), segir Sigurður Gylfi. Hann lýsir málarekstri eftir útkomu fyrsta bindisins og kemst að þeirri niðurstöðu að hefði Hannes farið þá leið að fjalla um Halldór Laxness sem þá goðsögn sem hann var og unnið með tákn, merkingu og ímyndir í stað þeirra aðferðar sem hann beitti hefði hann komist hjá flatneskjunni og gæsalappaganginum. Hann segir Hannesarmálið að mörgu leyti vera dæmigert fyrir flókna og óljósa stöðu sjálfsbókmennta nú á tímum og deilurnar um verkið afhjúpi þær aðferðir sem valdhafar beita til að beina orðræðunni í þann farveg sem þeim er þóknanlegur.

Lokakaflí Fortíðardrauma ber heitið Sjálfið í sögum og fjallar um sjálfstjáningu nú á dögum „í heimi sem er á fleygiferð“ (306). Lokakaflinn er stuttur og felur í sér fögur fyrirheit um næstu bók, Sjálfssögur, minni, minningar og saga, sem væntanleg er í bókabúðir fyrir en varir. Fortíðardraumum fylgir ítarleg heimildaskrá og afar gagnlegur viðauki Moniku Magnúsdóttur: Skrá um útgefnar sjálfsævisögur, endurminningarit og samtalsbækur (viðtöl) frá upphafi til ársins 2004. Þar er gerð athyglisverð tilraun til greiningar þess efnis sem skrárnar ná yfir og m.a. skoðað hlutfall kven- og karlrit höfunda í sjálfsbókmenntum. Í bókarlok er einnig að finna drög að skrá um sjálfsævisögur í handritum eftir Kára Bjarnason en hún er „hugsuð sem fyrsta skrefið í átt að yfirliti um þá fjölbreyttu flóru sjálfstjáningar sem því miður liggur enn undir yfirborði handritanna“ (406). Báðar þessar skrár eru hvalreki fyrir fræðimenn og áhugasama lesendur og verða þær örugglega til þess að beina meiri athygli að þessari merku og mikilvægu bókmenntategund.

Fortíðardraumar er níunda bókin í röð sýnisbóka íslenskrar alþýðumenningar. Ég hef sjaldan lesið fræðirit sem er jafnsjálhverft. Höfundur er ágengur og sínálægur og vísar sífellt í sjálfan sig, en hann er skemmtilegur og verkið rennur vel áfram, ekki síst þegar síga tekur á seinni hlutann. Margar áhugaverðar kenningar koma fram í bókinni, í neðanmálgrein bls. 200 gefur Sigurður Gylfi t.d. skemmtilega harðsoðið yfirlit um einkenni íslenskrar sagnfræði - frá pólitískri hetjusögu í þjóðernislegum stíl Páls Eggerts Ólasonar til póstmódernískrar orðræðugreiningar vorra daga - og finnur þar skýringar á hversu lítið sagnfræðingar hafa sótt í sjóði sjálfsævisagna hingað til. Með fræðilegum

rökum og dæmum og ferskri sögusýn tekst Sigurði Gylfa að fá lesandann á sitt band og samþykkja helstu niðurstöðu bókarinnar; að formlegur strúktúr samfélags hafi knúð einstaklinginn til að lýsa sjálfi sínu sem heilu og rökrænu allt til síðustu ára tuttugustu aldar en þá hafi upplausn og sundrung orðið hlutskipti mannsins og sjálfsævisöguleg verk nýrra tíma einkennist því frekar af brotum og svipmyndum (307).

Steinunn Inga Óttarsdóttir